



Bandalag íslenskra listamanna

Federation of Icelandic artists

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 22. maí 2020

Efni: Minnisblað tekið saman fyrir velferðarnefnd Alþingis vegna vinnumálastofnunar og aðgengi listamanna að úrræðum hennar.

Sambærilegt minnisblað og erindi hafa verið send Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og efni þess ítrekað á fundum með starfsmönnum ráðuneytisins. Mörg aðildarfélaga BÍL eru innan BHM, því hefur BHM verið haldið upplýstu um þann tappa sem myndast hjá VMST í framgangi listamanna hjá stofnuninni.

Það kom snemma í ljós að listamenn hiksta í kerfinu. BÍL brást við með því að safna upplýsingum frá aðildarfélögum sínum um hvers eðlis vandinn væri, það er að segja á hverju umsóknir stoppa. BÍL hefur líka sent erindi á VMST til að leita eftir upplýsingum en ekkert svar hefur borist þaðan, í þessu ferli hefur BHM verið haldið upplýstu um samskiptin og stöðuna.

Könnunin sem gerð var af BÍL til að fá greiningu á árangri listamanna, leiddi í ljós að 70% þeirra sem sótt hafa sér aðstoðar til VMST hafa ekki fengi lausn sinna mála mörgum vikum síðar og VMST hefur ekki gefið nein svör við þeim vandræðum sínum að klára þær umsóknir, en af samtölum og greiningu okkar megin má ætla að flækjustig starfsumhverfisins vefjist fyrir ferlum stofnunarinnar.

Hverjar eru hindranirnar sem listamenn reka sig á? Þær eru nokkrar kunnuglegar og listamenn hafa þekkt þær í áráraðir.

Reiknimodel VMST/RSK býr til skekkju í rauntekjum

Það er löngu þekkt að viðmiðunartekjur listamanna út frá reiknimódeli RSK eru fjarri lagi, því það gerir ráð fyrir töluvert hærri launum en rauntekjur flestra listamanna. Því reiknast listamenn ætíð í hlutastörfum þegar kemur að úrræðum, hvort sem er VMST eða Tryggingastofnunar og greiðslur skerðast í hlutfalli við það.

Lágar tekjur skert réttindi og sveifla í innkomu.

Listamenn eru margir að vinna með svo lágar tekjur. Það ásamt oft gríðarlegum sveiflum í innkomu veldur því að þeir ná einfaldlega ekki að halda stöðugum réttindum, detta inn og falla út af reglulega greiddu endurgjaldi.

Hlutastarfaleiðin virkar ekki vegna fjölbreytileika starfa

Einyrkjar á eigin kennitölu geta ekki nýtt sér hlutastarfa leiðina. Þeir þurfa að afskrá rekstur sinn og fara á atvinnuleysisbætur þó þeir hafi eingöngu misst hluta verkefna og launa.

Reiknimodel vegn fjölbreytileika og samsetningu starfa.

Fjölbreytileiki starfa, ráðningarforma. Vilji listamaður fara í hlutastarfaleið getur hann eingöngu reiknað hlutastarf út frá launasamningshluta launa sinna þó hann sé sannanlega að hluta á ráðningarsamningi og hluta í verktöku.

Reiknað endurgjald einu sinni á ári.

Stór hópur listamanna gerir upp sín opinberu gjöld einu sinni á ári vegna lágra tekna. Núna er þeim hafnað því VMST skráir þá í vanskilum fram yfir álagningu fyrir 2019.

70+

Fjöldi listamanna er í fullu starfi sem listamenn þótt þeir séu komnir yfir sjötugt, þeir fá sjálfkrafa höfnun í þessu úrræði.

Þetta eru ýmis tæknileg vandamál sem við rekum okkur á í samtölum við okkar fólk og kannski eru þau leysanleg en vandamálið er greinilega að VMST stenst ekki áhlaupið 70% hópsins hefur ekki fengið lausn og það er svakalegt hlutfall, tilfærslum á greinamerkjum innan lagasetning breyta ekki því vandamáli. Skynsamlegast væri á þessum tímamarki að koma á tímabundnu eingreiðslukerfi til að stytta röðina hvernig það er útfært eða hvaða nafni því væri gefið, borgaralaun eða fyrirfram greiddar atvinnuleysisbætur geta menn fundið út úr á grunni síns pólitíska útsýnis. Við þessar fordæmalausu aðstæður þarf að greiða fyrst og reikna svo.

Virðingarfyllt

Erling Jóhannesson

Forseti Bandalags íslenskra listamanna

